

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 14. desember 2022  
UST202203-071/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmælingar á geymi T0052, nr. 690.03.00 - Olíudreifing ehf. Vopnafirði**

Umhverfisstofnun barst þann 25. nóvember sl. þykktarmælingar á geymi Olíudreifingar ehf., Vopnafirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0052 og eigendanúmerið 690.03.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Hafnarbyggð 4, Vopnafirði. Geymirinn er standandi stálgeymir, byggður árið 1958.

Þykktarmælingar framkvæmdu Andre Sandö og Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., Kópavogi, þann 25. október 2022. Upplýsingar varðandi aðstæður, notkun geyma o.fl. veitti Ari Elísson og Gunnar Kr. Sigmundsson hjá Olíudreifingu ehf. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var sjónskoðun einnig framkvæmd og kverksuða geymis skoðuð sérstaklega vel ásamt öðrum suðum innanvert í geymi. Botn geymisins var mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymir er ómálaður að innan og einangraður að utan. Geymir er í góðu ásigkomulagi að innanverðu. Helst var að finna tæringu við kverk en efnisþykkt er vel innan marka.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Sigríður Kristinsdóttir  
*Teymisstjóri*